

Starfsleyfi

fyrir seiðaeldisstöð (landeldi)

Nafn fyrirtækis: *Veiðifélag Ytri-Rangár* Kennitala: *691092-2599*¹

Heimilisfang: *Bjólu 1, 851 Hellu* Sími: *848 2245* Netfang: *laxeyri@emax.is*

Útgáfudagur leyfis: *1. janúar 2011*

Gildir til: *1. janúar 2023*

[Rekstraraðili] skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 786/1999 [um mengunarvarnaeftirlit], reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur [og skólp], reglugerðar nr. [884/2017] um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og öðrum [lögum og] reglugerðum sem gilda [kunna] um starfsemina á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.


Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. [Um rekstrarleyfi gilda lög nr. 71/2008 um fiskeldi með síðari breytingum. Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi].


Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun]. Ef [rekstraraðili] flytur fellur starfsleyfið úr gildi. Tilkynna ber eigendaskipti og ef [rekstraraðili] hættir starfsemi. Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti að jafnaði.

Starfsleyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 [um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum] og reglugerðar nr. 785/1999 [um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun].

Reykjavík 29. nóvember 2017²

Umhverfisstofnun


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri

¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands til handa Laxeyri ehf., kt. 711002-2190, þann 1. janúar 2011

² Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Fylgiskjal með starfsleyfi fyrir *[Veidifélag Ytri-Rangár, Bjóli 1, 851 Hellu]*

[Umhverfisstofnun] veitir [Veidifélagi Ytri-Rangár, kt. 691092-2599], endurnýjað starfsleyfi fyrir seiðaeldisstöð á Laxeyri.

1. Um starfsleyfið

- 1.1. Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Það skal endurskoða á fjögurra ára frest að jafnaði og ef:
 - a) breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar meiri háttar breytingar á rekstri skal tilkynna til [Umhverfisstofnunar] með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
 - b) fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
 - c) gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegri tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2. Starfsleyfið er gefið út af [Umhverfisstofnun] í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.3. Leyfið gildir fyrir seiðaeldi sem [rekstraraðili] sér um fyrir hinar ýmsu laxveiðiár á landinu. Fjöldi seiða, sem öll eru af náttúrulegum stofnum, er allt að 300.000 og stærð þeirra allt að 40 g. [Starfsstöð rekstraraðila er á Húsafelli í Borgarfirði].
- 1.4. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt [hjá rekstraraðila] og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri [félagsins] að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem gilda um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2. Húsnæði, lóðir, umhverfi og fastur búnaður.

- 2.1 [Rekstraraðili] skal halda húsnæði og umhverfi snyrtilegu.
- 2.2 Vistun á óhreinum ílátum undan hráefni, úrgangi eða öðru þess háttar er óheimil utandyra.
- 2.3 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum eða vegfarendum óþægindum vegna lyktar, mengunar eða hávaða.
- 2.4 [Rekstraraðili] skal hafa fullnægjandi búnað, t.d. fastefnaskilju og setþró, til að hindra að föst óhreinindi berist í Hvítá sem er viðtaki frá stöðinni. Slíkum búnaði skal komið fyrir bæði við niðurföll á vinnslusvæði og plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til. Aðstaða skal vera til að geta mælt frárennsli frá hreinsibúnaði.

3. Starfsemin.

- 3.1. Við reksturinn skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.
- 3.2. Allt hráefni og úrgang skal geyma innandyra eða á annan hátt sem heilbrigðiseftirlit getur samþykkt.
- 3.3. Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar. Reglulega skal yfirfara botnsíur og annan búnað sem hindrar að fiskar sleppi út í umhverfið.
- 3.4. [Rekstraraðili] skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokað og í samræmi við lög og reglur. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.
- 3.5. Hvers konar urðun eða brennsla úrgangs er með öllu óheimil á vegum [rekstraraðila].
- 3.6. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldiskerjum, fóðurgeymslum, fráveitukerfi og úrgangi á vegum [rekstraraðila], eftir því sem frekast er unnt.
- 3.7. Skylt er að sjá um við frágang útrásar, þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, séu ekki:
 - set eða útfellingar
 - þekjur af rotverum
 - olía eða froða
 - sorp eða aðrir aðskotahlutir
 - efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi
- 3.8. Eftirlit, rekstur og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Óheimilt er að losa hættulegan efnaúrgang í fráveitu.
- 3.9. Sækja þarf um sérstakt leyfi fyrir öllum olíutönkum og hlíta kröfum um umbúnað.

4. Eigið eftirlit.

- 4.1 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
 - Fóðurnotkun og fóðurgerð.
 - Losun efna út í umhverfið.
 - Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
 - Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
 - Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
 - Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
 - Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.
 - Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir [rekstraraðila], s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

5. Starfsemi hætt.


- 5.1 Tilkynna skal [Umhverfisstofnun] ef starfsemi [rekstraraðila] er lögð niður.
- 5.2 Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir hættulegan efnaúrgang.

6. Ýmis skilyrði.


- 6.1 Skytt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til [Umhverfisstofnunar].
- 6.2 Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að [rekstraraðila] til skoðunar og eftirlits.
- 6.3 Forsvarsmönnum [rekstraraðila] er skytt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 6.4 [Rekstraraðila] ber að greiða [Umhverfisstofnun] gjald vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá [Umhverfisstofnunar]. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er [rekstraraðila] einnig skytt að greiða fyrir þær.
- 6.5 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og einstökum reglugerðum sem við eiga hverju sinni.

Reykjavík, 29. nóvember 2017³

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

³ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands til handa Laxeyri ehf., kt. 711002-2190, þann 1. janúar 2011. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.